

Ed.

509. Nefndarálit

[204. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir í efnahagsmálum og fjármálum til þess að stuðla að jafnvægi í þjóðarbúskapnum og treysta undirstöðu atvinnu og lífshkjara.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Frumvarp þetta og meðferð þess öll af hálfu ríkisstjórnarinnar og stjórnar-flokkanna ber þess glöggvitni, að ríkisstjórnin er ekki þeim vanda vaxin að stjórn efnahagsmálum þjóðarinnar. Það hljóta auðvitað að teljast undarleg vinnubrögð að samþykkja fjárlög í desember, en bera síðan fram frumvarp í mars, þar sem heimilað er að lækka þessi fjárlög um allt að 3 500 millj. kr. Enn undarlegra verður málið allt, þegar haft er í huga, að þótt nú sé langt liðið á aprílmánuð hefur ríkisstjórnin enn enga grein gert sér fyrir því, hvaða útgjöld hún ætlar að lækka um allt að 3 500 millj. kr. Enn ríkir m. ö. o. alger óvissa um ríkisbúskapinn og opinberar framkvæmdir.

Svo sem kunnugt er, var frumvarp þetta lagt fram meðan á samningaviðræðum stóð milli aðila vinnumarkaðarins. Afgreiðslu þess var hins vegar frestað, meðan enn var óvíst, hvort samningar næðust eða ekki. Samningar tókust til bráðabirgða. Í því sambandi gaf hæstv. forsætisráðherra út yfirlýsingu fyrir hönd ríkisstjórnarinnar 26. mars. Aðalatriði hennar var þetta:

„Til þess að greiða fyrir samningum um kaup og kjör milli samtaka launafólks og vinnuveitenda og í trausti þess, að vinnufriður haldist, lýsir ríkisstjórnin yfir:

1. Í efnahags- og fjármálafrumvarpi því, sem nú liggur fyrir Alþingi, eru tillögur ríkisstjórnarinnar um lækkun skatta og heimildir til lækunar skatta, sem numið gætu í heild allt að 2 000 millj. kr. Ríkisstjórnin mun á Alþingi beita sér fyrir skattalækkun að þessu marki með það fyrir augum, að hún gagnist best þeim, sem við erfið kjör búa.“

Í 2. lið yfirlýsingarinnar kvaðst ríkisstjórnin munu beita sér fyrir því, að innheimtu opinberra gjalda ársins 1975 verði dreift yfir lengri tíma en ella hjá þeim launþegum, sem í ár hafa sömu eða lægri peningatekjur en í fyrra. Og í 3. lið yfirlýsingarinnar kveðst ríkisstjórnin munu beita sér fyrir því, að tekjutryggingarmark almannatrygginga hækki í sama hlutfalli og lægstu kauptaxtar í samningum Alþýðusambandsins og vinnuveitenda, og skuli hækkun almenns lífeyris einnig ákveðin í samræmi við niðurstöður almennra kjarasamninga.

Skattaákvæði frumvarpsins, eins og það var, er það var lagt fram, voru þá talin lækka skatta um 1 240 millj. kr. Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar fólst því fyrirheit um að lækka skatta enn frekar sem næmi um það bil 800 millj. kr. Jafnframt hét ríkisstjórnin því að gera það á þann hátt, sem „gagnist best þeim, sem við erfið kjör búa“.

Samninganefnd Alþýðusambands Íslands fjallaði, í beinu framhaldi af bráðabirgðasamningunum og yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, um það, með hverjum hætti fyrirhuguð viðbótarskattlækkun gæti gagnað þeim best, sem við erfið kjör búa. Niðurstaða hennar kom fram í bréfi, sem samninganefndin sendi fjárhags- og viðskiptanefnd neðri deildar 1. apríl. Þar segir m. a.:

„Eru það eindregin tilhæli samninganefndarinnar, að því fjármagni, sem nýting heimildarákvæða V. kafla frumvarpsins mundi kosta ríkissjóð, verði varið í sérstakan eða aukinn skattafslátt, sem kæni til úthorgunar með sama hætti og barnabætur, þegar svo stendur á, að skattafsláttur verður hærri en opinber gjöld viðkomanda.“

Það er einróma skoðun nefndarinnar, að framangreind breyting mundi skila hinum tekjulægri hagsbótum með miklum mun skýrari og óumdeilanlegri hætti

en verða mundi með lækkun söluskatts og tolla um jafnháa upphæð í báðum tilvikum. Styðst sú skoðun m. a. við athugun Þjóðhagsstofnunar og þau augljósu rök, að þeir, sem hafi meiri fjárráð, eyði hærri upphæðum í kaup á söluskattskyldum og tollskyldum varningi en hinir tekjulægri. Sú aðferð, sem ákvæði V. kafla frumvarpsins gerir ráð fyrir, mundi því skila minni hagsbótum til hinna efnaminni en hinna, sem betur eru settir, gagnstætt því, sem segir í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 26. fyrra mánaðar, og þeim tilgangi frumvarpsins, sem um er rætt í athugasemdum við það. Fyrir þessa annmarka yrði hins vegar girt, ef skattafsláttur, svarandi til sömu kostnaðarupphæðar og gert er ráð fyrir í frumvarpinu, kæmi jafnt til allra, án tillits til tekna. Sá háttur mundi einnig, að okkar dómi, skapa minni skatttæknileg vandamál en sá, sem frumvarpið gerir ráð fyrir.“

Síðan samninganefnd Alþýðusambandsins bar fram þessa ósk sína, eru liðnar rúmar þrjár vikur. Gera má ráð fyrir, að ríkisstjórnin og stuðningsflokkar hennar hafi notað þennan tíma til þess að hugleiða vandlega tilmæli fulltrúa launþegasamtakanna. Hversu langur tími hefur liðið, án þess að afstaða væri tekin, gæti bent til þess, að ekki hafi verið samstaða um málið milli stjórnarflokkanna og kannske ekki innan þeirra heldur. En þær breytingar, sem gerðar voru á frumvarpinu í neðri deild, sýna niðurstöðu ríkisstjórnarinnar og stjórnarflokkanna. Tilmælum samninganefndar Alþýðusambandsins er algjörlega hafnað. Ákvæði frv. um lækkun tekjuskatts og útsvars eru nú talin hafa í för með sér 1 380 millj. kr. skattalækkun, en sú lækkun, sem nauðsynleg er til viðbótar, til þess að heildarlækkunin nái 2 000 millj. kr., á að gerast með lækkun tolla, en þó fyrst og fremst með lækkun söluskatts á tilteknum vörutegundum, en ekki á þann hátt, sem samninganefnd Alþýðusambandsins hafði óskað eftir, þ. e. með auknum skattafslætti, sem komið gæti til útborgunar. Enn virðist þó ekki hafa verið tekin ákvörðun um, á hvaða vörum söluskattur skuli lækka, og er hér enn eitt dæmi um ráðleysi ríkisstjórnarinnar. Þar eð samninganefnd Alþýðusambandsins hefur lýst því yfir, að það sé skoðun sín, að lækkun söluskatts og tolla skili minni hagsbótum til hinna efnaminni en þeirra, sem betur eru settir, heldur en sú leið, sem hún hafði stungið upp á, hlýtur samninganefndin að telja, að ekki sé staðið við 1. og mikilvægasta lið yfirlýsingar forsætisráðherra frá 26. mars. Ég vil einnig láta í ljós þá skoðun, að með frv. eins og það er nú hafi ekki verið staðið við 1. lið yfirlýsingar forsætisráðherra.

Þjóðhagsstofnunin hefur gert samanburð á því, hver áhrif það hafi á kjör hjóna með tvö börn á framfæri, ef 800 millj. kr. skattalækkun sé framkvæmd annars vegar með frekari lækkun beinna skatta og hins vegar með lækkun óbeinna skatta af matvælum. Niðurstaðan er sú, að tekjuskattslækkunarleiðin færði slíkri fjölskyldu með 800 000 kr. tekjur 8.7% kjarabót, en söluskattslækkunarleiðin 8.4% kjarabót. Miðað við 900 000 kr. tekjur yrðu tölurnar 8.0% og 7.8%, 1 000 000 kr. tekjur 8.0% og 7.8%, 1 100 000 kr. tekjur 7.8% og 7.6% og 1 200 000 kr. tekjur 6.0% og 5.9%. Við öll þessi tekjumörk yrði kjarabótin meiri, ef tekjuskattslækkunarleiðin yrði farin en leið til lækkunar óbeinna skatta. Í krónum talið er niðurstaða Þjóðhagsstofnunarinnar sú, að hjón með 2 börn og 800 000 kr. tekjur mundu fá í viðbótarlækkun opinberra gjalda 12 900 kr. samkvæmt tekjuskattslækkunarleiðinni, en ekki nema 10 500 kr. eftir söluskattslækkunarleiðinni. Ef tekjurnar væru 900 000 kr., væri munurinn 2 700 kr., miðað við 1 000 000 kr. tekjur yrði hann 2 100 kr., við 1 100 000 kr. tekjur 1 800 kr. og við 1 200 000 kr. tekjur 1 500 kr. Það er á þessum athugunum Þjóðhagsstofnunar, sem samninganefnd Alþýðusambandsins hefur byggt þá skoðun sína, að tekjuskattslækkun mundi færa meiri hagsbætur en lækkun óbeinna skatta, sem næmi sömu upphæð. Í umræðum um málið í fjárhags- og viðskiptanefnd var enginn rökstuðningur lagður fram fyrir því, að lækkun óbeinna skatta kæmi launþegum betur, en samkvæmt yfirlýsingu forsætisráðherra ber að haga viðbótarlækkun opinberra gjalda þannig, að „hún gagnist best þeim, sem við erfið kjör búa“.

Í samræmi við þessi sjónarmið flyt ég á sérstöku þingskjali tillögur um, að hver einstaklingur fái viðbótarviltun, þ. e. lækkun tekjuskatts og útsvars eða greiðslu, sem svarar 4 300 kr. á einstakling, 8 600 kr. á hjón og 2 150 kr. á hvert barn. Er þetta í samræmi við óskir samninganefndar Alþýðusambandsins, og er þá að sjálfsögðu ekki gert ráð fyrir því, að heimildir frumvarpsins til samsvarandi lækkunar tolla og söluskatts verði notaðar.

Þá er rétt að vekja athygli á því, að í frumvarpinu eins og það kemur frá neðri deild er ekki að finna nein ákvæði varðandi 2. og 3. lið yfirlýsingar forsætisráðherra frá 26. mars, þ. e. um að innheimtu opinberra gjalda verði á árinu 1975 dreift á lengri tíma en ella hjá þeim launþegum, sem í ár hafa sömu eða lægri peningatekjur en í fyrra, né heldur um hækkun tekjutryggingarmarks og almenns lífeyris. Í nefndinni var að vísu frá því skýrt, að við þessi fyrirheit yrði staðið. Um hið fyrra þyrfti ekki lagasetningu, en vegna síðara atriðisins yrði öðrum lögum breytt. Eðlilegast hefði þó verið, að skýr ákvæði hefðu verið sett um öll atriði yfirlýsingar forsætisráðherra í þessum lögum.

Þingflokkur Alþýðuflokksins er andvígur ákvæðum frumvarpsins um flugvallagjald. Í fyrsta lagi telur hann varhugavert að leggja á slíkt gjald með þeim stutta fyrirvara, sem hér er ráðgerður. Í öðru lagi telur hann tekjur af þessu gjaldi ekki réttlæta þann skriffinnskukostnað, sem það hefði í för með sér, enda er hliðstætt gjald ekki innheimt í nálægum löndum. En mikilvægast er þó, að gjaldið mun skipta verulegu máli í augum efnalítils fólks og torvela því að njóta orlofs erlendis, en skiptir hins vegar litlu eða engu máli fyrir hina tekjuháu eða þá, sem fá ferðakostnað sinn greiddan af fyrirtækjum eða opinberum aðilum.

Fyrst með frumvarpi þessu eru gerðar veigamiklar breytingar á skattakerfinu, telur þingflokkur Alþýðuflokksins rétt að minna á tillögur þær, sem flokkurinn hefur áður gert um sérsköttun hjóna. Þegar núgildandi skattalög voru sett vorið 1972, var af hálfu þingflokks Alþýðuflokksins flutt tillaga um, að kona skuli verða sjálfstæður skattþegn, hvort sem hún væri gift eða ekki og hvort sem hún ynni utan heimilis eða á heimili. Hugmyndinni var vel tekið af þáverandi fjármálaráðherra. Núverandi fjármálaráðherra hefur einnig lýst yfir skilningi á nauðsyn þess, að gerðar verði breytingar á núverandi skipan. En ekkert hefur enn gerst í málinu. Þess vegna er enn vakin athygli á nauðsyn breytinga.

Kjarni þessa máls er, að það á auðvitað engin áhrif að hafa á skattgreiðslu konu, hvort hún hefur gift eða ekki. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að lengst af gælt kona þess herfilega, ef hún var gift og aflaði sér sjálfstæðra tekna, þar eð tekjur hennar voru lagðar við tekjur eiginmannsins og þannig greiddur af þeim hlutfallslega miklu hærri skattur en af hliðstæðum tekjum ógiftrar konu. Þetta hefur eflaust átt sinn þátt í því, að karl og kona hafa oft valið þann kost að búa saman án hjónabands, ef það varð til þess að létta skattbyrði. Nokkrar ráðstafanir hafa að vísu verið gerðar á undanförunum árum til þess að bæta úr þessu. Eina fullnægjandi ráðstöfunin er þó sú, að telja konu jafnan sjálfstæðan skattþegn, án tillits til stöðu hennar í þjóðfélaginu innan hjónabands eða utan, enda er það eitt í samræmi við nútímasjónarmið varðandi mannréttindi. Til þess að þetta geti orðið verður að ætla konu nokkurn hluta af tekjum eiginmanns sem laun hennar fyrir vinnu á heimilinu, og af þeim tekjum á hún að sjálfögðu að greiða opinber gjöld. Skattar eiginmanns minnka þá hins vegar á móti. Sú hugmynd að skipta tekjum hjóna til helminga mundi vera tekjuháu fólki óeðlilega hagstæð og ekki vera í samræmi við þau sjónarmið um réttmæta stighækkun tekjuskatts og útsvars, sem núgildandi skattakerfi grundvallast á.

Alþingi, 25. apríl 1975.

Jón Árm. Héðinsson.